



Almennar kröfur:

ISO 9001 og ÍST 85:2012:

Kröfur til rýni:

- framkvæmd með fyrir fram ákveðnu millibili
- tryggja að gæðastjórnunarkerfið sé fullnægjandi og markvist

Niðurstöður rýni stjórnenda innihaldi að lágmarki ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast:

- tækifærum til umbóta
- hverskyns þörfum á breytingum á gæðastjórnunarkerfinu
- þörfum varðandi auðlindir

Rýnisfundur var haldinn:

Dags: 04.06.24	Tími: 11:00	Staðsetning: Barðaströnd	Fund boðaði: HAH
----------------	-------------	--------------------------	------------------

Mættir: Sigríður Huld Jónsdóttir, Benedikt Barðason, Sigurður Hlynur Sigurðsson, Harpa Jörundardóttir, Halla Hafbergsdóttir, Unnur Ása Atladóttir.

Fjarverandi:

Niðurstöður rýnisfundar:

Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir skýrslu fyrir rýni stjórnenda á vorönn 2024. Frumrit skýrslunnar er vistað í skjalastjórnarkerfi skólans skv málalykli og á heimasíðu skólans.

Ályktanir eru dregnar fyrir hvert atriði, og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar, og fara inn á GÁT-037 Verkefnalisti stjórnenda skv. VKL-102 Vinnureglur gæðaráðs og fá eftirfylgni þar.

1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Farið yfir aðgerðarlista frá síðustu rýni.

Hér er listi yfir aðgerðalista frá rýni stjórnenda haustönn 2023

- Unnið verður samkvæmt áætlun um starfsmannasamtöl
- Endurskoðun á námsbrautum og innleiðing nýrra námsbrauta
- Eftirvinna varðandi innri úttektir, er í höndum gæðastjóra
- Gerð verður ný áætlun um innra mat GÁT-028
- Klára vinnu við að færa gæðakerfið í nýja gæðahandbók- laga öll skjöl sem þarf að laga
- Endurskoða húsnaði með tilliti til vinnuaðstæðna og nýtingu



- Viðhald á húsnæði VMA í samstarfi við Ríkiseignir með það að markmiði að auka rekstraröryggi skólans og öryggi starfsfólks t.d. þak yfir miðrými og endurnýja plast í þakgluggum
- Áframhaldandi vinna að grænum skrefum og stefnt er að því að ljúka skrefi 5 á árinu 2024.
- Unnið að því að dreaga úr rekstarhalla skólans
- Vinna að reglum verðandi notkun á gervigreind í námi og kennslu
- Halda áfram innleiðingu á farsældarþjónustu

2. Niðurstöður innri úttekta

Innriúttektir fyrir vorönn 2024 er lokið og verið er að vinna að eftirfylgni þeirra.

Eftirfarandi verklagsreglur voru teknar út í innriúttekt á haustönn: VKL 401, 402, 403, 306, 106, 101, 102, 103

3. Endurgjöf frá nemendum, starfsmönnum og hlutaðeigandi

Í VMA er unnið að því að bæta gæði skólastarfsins með hliðsjón af gæðamarkmiðum og markmiðum sem er að finna í [STS-002](#). Til að sjá hvort skólinn hefur náð markmiðum sínum er m.a. rýnt í niðurstöður kennslu- og starfsmannakannana, tölur um brottfall, einkunnir og viðveru nemenda. Niðurstöður vorannar 2024 birtast hér fyrir neðan. Hafa verður í huga að niðurstöður fyrir gæðamarkmið VMA eru bornar saman við markmið sem eru sett fyrir eitt ár. Um er að ræða þætti sem sveiflast mjög á milli ára og því verður að hafa fyrirvara á þegar lesið er í niðurstöðurnar.

Kennslumat

Kennslumat er gert á hverri önn með því að leggja könnun fyrir nemendur. Þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Lögð var könnun fyrir alla hópa í VMA þ.e. dagskóli, kvöldnám og fjarám. Könnunin hefur ekki verið lögð áður fyrir aðra hópa en dagskólanemendur

Dagskóli 2024: Lagt fyrir 318 hóp og var svarhlutfall 34%

Kvöldnám 2024: Lagt fyrir 22 hóp og var svarhlutfall 18%

Fjarám 2024: Lagt fyrir 58 hóp og var svarhlutfall 29%

Könnunin var gerð í gegnum Innu og fengu nemendur tölvupóst frá aðstoðarskólameistara með upplýsingum um könnunina. Heildar niðurstöður eru birtar á vef skólans og einnig hafa kennarar aðgang að sínum niðurstöðum í gegnum INNU í lok annar. Hægt er að nálgast niðurstöður könnunarinnar inni á Innu – kannanir.

Ályktun gæðaráðs

Gæðaráð telur ekki þörf á að bregðast sérstaklega við en hvetur til þess að áfram verði hugað að ánægju nemenda og gæðum kennslu. Gæðamarkmiðum varðandi ánægju nemenda, varðandi kennslu og aðstöðu er náð á önninni. Bæði fyrir skólann í heild sinni og fyrir vélstjórn.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir starfsfólk skólans í nóvember og desember 2023. Um var að ræða netkönnun unna af Gallup. Fjöldi svarenda hjá VMA er 82 manns.

Ályktun gæðaráðs

Gæðaráð telur ekki þörf á að bregðast sérstaklega við en hvetur til þess að áfram verði hugað að ánægju starfsfólks. Gæðamarkmiðum varðandi ánægu starfsmanna er náð á önninni. Hinsvegar nær skólinn ekki markmiðum varðandi aðbúnað, enn verið er að vinna að því að bæta aðstöðu skólans og verður það meðal annars gert með stækkun húsnæðis.

Þjónustukönnun

Þjónustukönnun er lögð fyrir á þriggja anna fresti og var hún lögð fyrir á vorönn 2024. Könnunin var lögð fyrir 775 nemendur og var svarhlutfallið 33%.

Ályktun gæðaráðs

Gæðaráð telur ekki þörf á að bregðast sérstaklega við en hvetur til þess að áfram verði hugað að ánægju nemenda og gæðum kennslu. Gæðamarkmiðum varðandi ánægu nemenda varðandi kennslu og aðstöðu er náð á önninni.

Námsframboð

Markmið skólans er að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi og sérhæfð störf. Þessu markmiði er náð með reglulegri endurskoðun á námsbrautum og námsframboði. Farið var af stað með áfanga í kvöld- og lotunámi í rafvirkjun, heilsunudd, húsnæði og félagsliða (fjarnám). Einnig fór af stað hópur í bifvélavirkjun og múrið. Annað nám var óbreytt.

Rekstur, húsnæði og skipulag

Lögð er áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu hráefnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinnur með starfsmönnum og Ríkiseignum að þróun skólans hvað varðar aðbúnað og húsnæði.


Meðalnýting er reiknuð út í námshópum með því að taka saman fjölda nemenda í þeim þremur hópaviðmiðum sem eru algengust þ.e.a.s. 12-15-25 nemendur í hóp.

Mælikvarði	Markmið	Vorönn 2024
Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans	<10%	17.69%
Meðalnýting á námshópum		
12 nemenda	>90%	87,50%
15 nemenda	>90%	82,43%
25 nemenda	>90%	85,65%
Meðalnýting á námshópum	>90%	85,19%
Rekstur sé í samræmi við fjárheimildir	Innan fjárheimilda	Umfram fjárheimildir.

Skólinn starfi samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012 stöðlum og þeim sé viðhaldið	Vottað	ÍST 85:2012 vottun er lokið og skjal þess efnis hÍ skjalakerfi skólans. ISO9001 vottun er í vinnslu og VMA búið að fá grænt ljós frá úttektaraðila. Skírteinið er þó ekki komið í hús.
---	--------	---

Ályktun gæðaráðs

- Mikil yfirvinna stafar m.a. af miklum veikindum innan starfsmannahópsins, ásamt aukinni aðsókn í starfsnám þar sem erfiðara er að fá kennara.
- Meðalnýting á námshópum er **ekki** innan markmiða enn var það á haustönn. Áfangastjórn er að gera breytingar á námskrá til að stuðla að bættri hópanýtingu. Ársnemendum hefur fækkað við skólann og þar að leiðandi hefur það áhrif á rekstur og framlög til skólans.



Mynd 1 Hér má sjá þróun yfirvinnu í VMA

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

Eftirfarandi gæðaskjöl voru samþykkt á vorönn 2024

Dags.	Númer	Skjalaheiti
22.04.2024	STS-004	Ábyrgð og valddreifing
22.04.2024	STS-009	Vörpunarskjal
18.04.2024	VKL-101	Stjórnun gæðamála
18.04.2024	STS-002	Gildi, stefna og markmið
17.04.2024	VNL-101	Sérúrræði í prófum
10.04.2024	VKL-104	Skjalastýring
09.04.2024	VKL-403	Innri úttektir
09.04.2024	GÁT-003	Úttektarskýrsla

Rýni stjórnenda (vor 2024)

Verkefnaskólinn á Akureyri

09.04.2024	VKL-105	Stýring skjala í gæðakerfinu
09.04.2024	VNL-005	Vinnulag innri úttekta
05.04.2024	STS-007	Lög og reglur
29.02.2024	GÁT-028	Áætlun um innramat
26.02.24	INN-003	Geymslustaðir fyrir skrár á tölvutæku formi
23.02.2024	GÁT-010	Gerð námsmatspátta
14.02.2024	VKL-205	Útskrift nemenda og útgáfa prófskírteina
30.01.2024	GÁT-010	Starfsmannasamtal form
11.01.2024	VKL-211	Gerð ársáætlunar
08.01.2024	GÁT-026	Undirbúningur og framkvæmd útskriftar

4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Eftir hverja önn tekur áfangastjóri saman upplýsingar um námsárangur nemenda, brottfall og mætingar. Í gæðamarkmiðum skólans eru mælikvarðar fyrir fjóra þætti er varða námsgengi nemenda.

Í upphafi vorannar 2024 voru 989 nemendur skráðir í reglulegt nám í dagskóla og 220 nemendur í fjarnámi, dreifnám og kvöldnám.

Mælikvarði	Markmið	Vorönn 2024
Meðaleinkunn (allir áfangar)	>6,5	7,01
Fallprósenta	<10%	7,98%
Mætingar %	>90%	86,93%
Útskýrðar fjarvistir		48,4%
Brottfall úr áfanga %	<9%	8,86%

NIÐURSTÖÐUR FYRIR VÉLSTJÓRN

Mælikvarði	Markmið	Vorönn 2024
Meðaleinkunn (áfangar vélstjórn)	>6,5	7,14
Fallprósenta	<10%	6,43%
Mætingar %	>90%	88,10%
Útskýrðar fjarvistir		39,15%
Brottfall úr áfanga %	<9%	2,24%

Fjöldi nemenda í úrtaki - 107

Brautir í úrtaki - GNM, VA, VB, VC og VD


Rýni stjórnenda (vor 2024)




Verkmenntaskólinn á Akureyri

ÁLYKTUN GÆÐARÁÐS

Brottfall úr áföngum er innan markmiða enn mæting nemenda í skólann ekki, hinsvegar ef tekið er tillit til útskýrða fjarvista er skólinn innan markmiða. Önnur markmið nást bæði fyrir skólann í heild og vélstjórn.



Mynd 2. Meðal einkunir nemenda. Viðmiðið er að meðaleinkunn nemenda sé yfir 6,5




Mynd 3. Hér sést hvernig fallprósenta er milli anna. Markmiðið er að fallprósenta sé undir 10%


Rýni stjórnenda (vor 2024)



Verkmenntaskólinn á Akureyri



Mynd 4. Hér má sjá þróun mæting nemenda. Markmiðið er að nemendur nái yfir 90% mætingu. Þetta graf sýnir allar sjarvistir líka þær sem eru skýrðar



Mynd 5. Hér má sjá hvernig brottfall úr áföngum hefur þróast. Markmiðið er að brottfall fari ekki yfir 9%

Áfangaskýrslur

Alls voru gerðar 37 athugasemdir til gæðaráðs í áfangaskýrslum vorannar og voru þær teknar fyrir á fundi nr. 619 þann 29.05.2024. Viðbrögð gæðaráðs voru send í tölvupósti til fag- og brautarstjóra með upplýsingum um framvindu mála. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt í skjalakerfi skólans skv málalýkli.

ÁLYKTUN GÆÐARÁÐS

Gæðaráð fór yfir athugasemdirnar og vísaði til hluteigandi aðila. Að loknum fundi voru svör/aðgerðir gæðaráðs send á viðkomandi kennara og fag-og brautarsjóra.

Framvindumat

Framvindumat var framkvæmt á vorönn 2024 samkvæmt fundargerð gæðaráðs sem vistuð er í skjalakerfi skólans nr 614. Fag- og brautarstjórar skiluðu framvindumati um miðja vorönn samkvæmt skóladagatali.

Alls voru gerðar 3 skýrslur og voru þær teknar fyrir á fundi gæðaráðs, nr. 614, þann 04.04.2024 og þeim vísað til hlutaðeigandi aðila til vinnslu. Yfirlit yfir athugasemdir og stöðu mála er geymt í skjalakerfi skólans skv málalykli.

Ábendingar og kvartanir

Kvartanir sem skólanum bárust voru teknar fyrir hjá hluteigandi aðilum og skráð í skjalakerfi skólans þegar málinu var lokið.

4.2 Útskrift áfanga

Við útskrift áfanga er farið eftir VKL-106 og stuðst við GÁT-022. Alls eru fimm þættir sem notaðir eru til að útskrifa áfanga. Þeir eru: námsáætlun, framvindumat, kennslumat, námsmat og áfangaskýrslur. Útskrift áfangi GÁT-022 fyrir vortönn 2024 er vistaður í skjalakerfi skólans.

5. Úrbætur

Stöðugt er unnið að úrbótum innan skólans er varða viðhald og endurnýjun aðfanga. Umsjónarmenn fasteigna sjá um skráningu og utanumhald þessara framkvæmda og hægt er að nálgast GÁT-047 Vikuleg skýrsla umsjónarmanns fasteigna í skjalavistunarkerfi skólans.

6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

- Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum gæða-og verkefnastjóra - Lokið
- Gerð verður ný áætlun um innra mat GÁT-028 - Lokið
- Áfram unnið að hönnun og stækkun á húsnæði skólans
- Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar. Unnið verður að nýrri SVÓT-greiningu
- Áframhaldandi vinna að grænum skrefum og stefnt er að því að ljúka skrefi 5 á vorönn 2024 – hefur verið frestað til haustannar 2024
- Vinna að endurskoðun á námi og námsbrautum
- Klára yfirfærslu á gæðakerfi

7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Mælipunktur eru 20 talsins, þeir sem mældir voru eru:

- Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærri - Markmiði náð bæði fyrir skólann og vélstjórn
 - Upplýsingar úr Innu

Rýni stjórnenda (vor 2024)

Verkefnaskólinn á Akureyri

- Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga sé 10% eða lægra - Markmiði náð bæði fyrir skólann og vélstjórn
 - Upplýsingar úr Innu
- Brottfall nemenda sé 9% eða lægra – Markmiði náð bæði fyrir skólann og vélstjórn brottfall vélstjóranemenda er mjög lágt.
 - Upplýsingar úr Innu
- Hlutfall áfanga sem lýkur með lokaprófi fari minnkandi milli anna. – Markmiði náð
 - Námsáætlun (áfangastjórar)
- 85% nemenda eða fleiri séu ánægðir með kennslu í áfanga. - Markmiði náð
- Á hverri önn sé boðið upp á fræðslu fyrir kennara um fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir
- Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans verði undir 10% - Markmiði **ekki** náð
- Meðalnýting á námshópum verði yfir 90% á vorönn 2024- Markmiðið **ekki** náð
- Rekstur skólans sé í samræmi við fjárheimildir – Markmiði **ekki** náð
- Innri og ytri úttektir séu gerðar á gæðakerfinu samkvæmt ISO9001 og ÍST 85:2012

7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Ýmsir þættir sem hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Sbr. VKL-101 kafli 5.2.

Ýmsir þættir sem hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Sbr. VKL-101 kafli 5.2.

Sterkar hliðar	Veikar hliðar
Gæðavottað vélstjórnar nám allt skólastarfið er skv gæðakerfi	Kynjahalli innan ákveðinna brauta/greina bæði í nemenda og kennarahópnum
Hátt hlutfall starfsfólks með faglega menntun og kennsluréttindi	Tækjakostur til verklegar kennslu þarfnast endurnýjunar
Fjölbreytt námsframboð og sveiganleiki í námi	Rekstur skólans
Fjölbreytt nemendabjónusta	Viðvera og brotthvarf nemenda
Samstarf við grunnskólana á svæðinu	Loftgæði og hitastig í húsnæði skólans
Gott aðgengi um húsnæði skólans	Hljóðvist í rýmum skólans
Heimavist fyrir nemendur	Stefnumótun í notkun stafrænnar tækni
Góður starfsandi og gott samstarf	Skortur á sérhæfðu húsnæði fyrir ákveðnar námsbrautir, sem takmarkar nemendafjölda á ákveðnar brautir
Fjölbreyttur nemendahópur	
Erlend samstarfsverkefni og nemendaskipti	
FabLab smiðja er í húsnæði skólans	
Gott samstarf stjórnenda og stjórnar nemendafélagsins	
Ógnanir úr umhverfi	Tækifæri í umhverfi
Fjárframlög til skólans duga ekki til reksturs	Aukin samskipti/samvinna við atvinnulífið í nærumhverfinu
Minnkandi fæðingarárgangar á upptökusvæði skólans og lítil fólksfjölgun	Breytingar á atvinnulífi og samfélaginu sem kalla á ný námstækifæri. T.d. styttri námsleiðir

Rýni stjórnenda (vor 2024)

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Minnkandi áhugi nemenda á ákveðnu námi	Eftirspurn atvinnulífs eftir fagmenntuðum einstaklingum
Skortur á heildarsýn gagnvart menntun nemenda með fjölbreyttan menningarbakgrunn.	Niðurgreiddar skólamáltíðir eða framfærslustyrkir til ungmenna
Samkeppni um nemendur	Efla bóknámsbrautir skólans
Breytingar á inntökuviðmiðum háskóla	Efla jafnréttisfræðslu og vera í framvarðasveit framhaldsskóla á því sviði
Of fá úrræði í boði fyrir nemendur sem standa höllum fæti í námi	Nýjar náms- og kennsluaðferðir með nýrri tækni og breyttri hugsun í takt við breytt samfélag og atvinnulíf
Fáir iðnmeistarar með kennsluréttindi	Samvinna við grunn- og framhaldsskóla ásamt framhaldsfræðslu aðilum
Skortur á heilbrigðis- og stoðþjónustu við nemendur í nærumhverfinu	Kynningarmál
Vanlíðan, kvíði og andleg veikindi nemenda	Kanna afdrif útskrifaðra nemenda frá skólanum og hvernig námið hefur nýst þeim í frekara námi eða atvinnulífi
Stafrænt áreiti í námi og kennslu	Aukin þjónusta og samstarf vegna lagasetingar um farsæld barna
Álag á nemendur vegna íþróttastarfs eða vinnu utan skóla	
Starfstími skóla skv. reglugerð og kjarasamningum	
Áhrif gervigreindar og stafrænnar þróunar í námi og kennslu.	
HSN hefur ekki getað staðið við samning um skólahjúkrun á vorönn 2024	

Ályktun gæðaráðs

Haldið verður áfram að vinna verkefni tengdum SVÓT greiningunni. Lögð verður áhersla á eftirfarandi verkefni.

- Stefnumótun í notkun stafrænnar tækni
- Nýjar náms- og kennsluaðferðir með nýrri tækni og breyttri hugsun í takt við breytt samfélag og atvinnulíf
- Kynningarmál
- Draga úr rekstarhalla skólans.
- Unnið að innleiðinu farsældarþjónustu
- Íslenskubró tekin í notkun fyrir nemendur með fjölbreyttan menningarbakgrunn.

8. Tillögur um umbætur

Farið verður í aðgerðir til að draga úr rekstarhalla skólans, stjórnendur munu vinna að því. Verið er að vinna að innleiðinu farsældarþjónustu og mun sú vinna halda áfram. Ný braut fyrir nemendur með fjölbreyttan menningarbakgrunn er í smíðum og mun sú vinna halda áfram – Íslenskubró. Skólinn ætlar að halda áfram að vinna með leiðsagnarmat og innleiða það í skólastarfið. Einnig mun skólinn að fara í samstarf með HA varðandi nemendur með erlendan bakgrunn.

9. Tillögur um auðlindir

Endurskoða húsnæði VMA er sífellt í gangi, með það að markmiði að bæta vinnuaðstæður, aðgengi og nýtingu þess rýmis sem nú er notað. Má þar nefna þak yfir miðrými og endurnýja plast í þakgluggum.
Aukið framboð á kvöld og helgarnámi sem eykur nemendafjölda

10. Aðgerðalisti

Skv. verklaginu sem lýst er í kafla 5.4 í VKL-401 Rýni stjórnenda, eru aðgerðir á aðgerðalista færðar yfir á GÁT-069 Verkefnalista stjórnenda. Aðgerðalistinn verður einnig viðfangsefni næstu rýni (sbr. atriði hér að neðan). Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í Skýrslu fyrir rýni stjórnenda haust 2023.


Aðgerðalisti vegna rýni stjórnenda haust 2024			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1	Fyrri rýni stjórnenda		
	Gerð verður ný áætlun um innra mat GÁT-028	Skólameistari	H24
	Klára 5 skrefið í Grænum skrefum	Gæða-og verkefnastjóri	H24-V25
2	Innri úttektir		
	Eftirvinna varðandi innri úttektir er í höndum Gæða – og áfangastjóra	Gæða-og verkefnastjóri	H24
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
	Endurskoðun námsbrauta	Áfangastjórn	H24
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
	Leitað verður leiða til að auka skulbindingu nemenda í námi.	Áfangastjórn	H24
5	Úrbætur		
	Stefnt er að því að fara í breytingar og endurbætur á húsnæði eins og hægt. Áfram verður unnið að því að skilgreina húsnæðisþarfir og hönnun á verknámskennslusvæði.	Skólameistari	H24
6	Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda		
	Klára vinnu við að færa gæðakerfið í nýja gæðahandbók- laga öll skjöl sem þarf að laga og gera Gátlista rafræna þar sem það á við.	Gæða-og verkefnastjóri	H24


Rýni stjórnenda (vor 2024)



7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmiða)		
	Unnið verður að aðgerðum vegna SVÓT-greiningar og að nýrri SVÓT-greiningu	Gæðastjórn	V24/H24
8	Tillögur um umbætur		
	Unnið að því að draga úr rekstarhalla skólans	Stjórnendur skólans	H24
9	Tillögur um auðlindir		
	- Halda áfram við innleiðingu á farsældarþjónustu barna - Áframhaldandi vinna með leiðsagnarmat í samstarfi við MSHA og innleiða það í skólastarfið - Samvinna við HA varðandi nemendur með erlendan bakgrunn	Skólameistari	H24


20. júní 2024


Sigríður Huld Jónsdóttir


Sigurður Hlynur Sigurðsson


Halla Hafbergsdóttir


Benedikt Barðason


Harpa Jörundardóttir